

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hofsóskaupþún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hofsóshöfn takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 1000 metra vestan við Hellisnes, að norðan og sunnan af tveim línum hornrétt á þá línu að norðan um Hellisnes og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Hofsóshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

3. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Hofsóshrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stjórnar öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlur hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsins, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs.

4. gr.

Hafnarnefnd ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra, enda komi samþykki hreppsnefndar til. Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja annan mann í sinn stað, sem hafnarnefnd samþykkir, og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður. Rísi ágreiningur um ráðningu starfsmanna eða laun þeirra, sker hreppsnefnd úr.

Hafnarnefnd kýs sér formann, er boðar til funda og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd hefur fundi svo oft sem þurfa þykir, og er formaður hafnarnefndar skyldur að boða til fundar, æski einn nefndarmanna þess.

5. gr.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning hafnarsjóðs, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsár. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs Hofsóshrepps.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Hofsóshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

6. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari renna í hafnarsjóð Hofsóshrepps, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarsvæðinu.

13

12. jan.

7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar, eða annarra starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarvarðar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarvörður látið gera það á kostnað eiganda.

9. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina nema með leyfi hafnarvarðar, og skal hann ákveða hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlauð í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarvarðar og látið framkvæma þær, hvort heldur er að færa skipið eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki né bryggju, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirki. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skytt er að hafa tryggar hlifur á milli skips og bryggju eða bólvirkis.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að álit hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum, er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

IV. KAFLI

Um notkun bryggju og bólvirkja.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastri, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur

- 13 skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að vikja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt
 12. jan. hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að álitu hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, er hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggjun og bólvirkjum, álitu hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, sem nær liggja.

15. gr.

Við upp- og útskipun á kjölfestu, sandi eða öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bryggju, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz úr er bætt.

16. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarvarðar. Skal flytja vörur og muni á brott jafnskjótt og hann krefst þess. Sé því ekki sinnt, getur hafnarvörður látið flytja vöruna burtu, á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ber ekki ábyrgð á skemmdum eða tapi á vörum, sem liggja í greinaleyti á bryggju eða hafnarlóðinni.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar eða bryggjum, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar fara fram.

Skylt er hverjum þeim aðila, sem afnot hefur af hafnarbryggju eða hafnargarði til fiskaðgerðar eða annars sjófangs, að hreinsa í hvert sinn að aðgerð lokinni, sé þess ekki gætt, getur hafnarvörður látið hreinsun fara fram á kostnað hlutaðeiganda.

V. KAFLI

Um almenna reglu.

17. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýta boði hans og banni og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipunum hafnarvarðar eða annarra starfsmanna ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

18. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álitu hafnarvörður að hætta stafi af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

VI. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

13

12. jan.

19. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hættu stafi af. Brot gegn því varðar sektum allt að kr. 10 000.00, og getur hreppsnefnd látið nema burtu mannvirknið á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana, skal leita samþykkis ráðuneytisins.

VII. KAFLI

Um lestagjöld og ljósagjöld.

20. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjald, sem miða skal við brúttósmálestatölu skipsins í hvert skipti, er þau koma inn á hafnarsvæðið, þó með þessum undantekningum:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjótjóns.

21. gr.

- a. Skip og bátar, 12 brúttósmálestir að stærð og stærri, sem eru í eign manna búsettra á Hofsósi, og gerðir út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Hofsósi a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 2 krónur af hverri brúttó smálest skips eða báts, þó aldrei minna en kr. 50.00 á ári.
- b. Önnur innlend fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiði 60 aura fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar, en eigi skulu þau greiða lestagjald þetta oftari en tvisvar á sama mánuði, þó þau komi oftari til hafnarinnar.
- c. Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau sem undanþegin eru lestagjaldi samkv. 20. gr.), skulu greiða 30 aura lestagjald fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó aðeins 20 aura lestagjald af brúttó smálest. Innlend strandferðaskip skulu þó einungis greiða lestagjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á höfnina, en ekkert þó þau komi oftari á því ári.
- d. Hafi skip gjaldskýlt samkv. b-lið legið í 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim, þó skal flutningaskip, sem biður eftir farni, ekki greiða gjaldið fyrr en eftir 10 daga. Verði skip veðurteppt, telst sá tími ekki með.
- e. Gjaldldagi lestagjalds samkv. a-lið þessarar greinar skal vera 1. ágúst ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu eða lagzt að bryggju.

13

12. jan.

22. gr.

Öll skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjöld greiða samkv. hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjald sem hér segir:

a. Skip, sem um getur í 21. gr. a-lið greiði 15 krónur á ári.

b. Skip, sem um getur í 21. gr. b-lið, skulu greiða í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, gjald miðað við brúttósmálest sem hér segir:

Skipa allt að 50 smálestir kr. 4.50

Skip 50 smálestir og þar yfir — 6.00

c. Önnur skip greiði:

Skip undir 200 smálestir kr. 7.50

Skip frá 200—400 smálestir — 15.00

Skip yfir 400 smálestir — 45.00

Þó greiði farþegaskip yfir 400 smál. 2 aura af hverri brúttó smál. í hvert skipti.

d. Bátar allt að 12 smál. brúttó, hafnargjald, bryggjugjald og ljósagjald kr. 5.00
En bátar 12—15 smálestir brúttó — 8.00
í hvert sinn, er þeir leita hafnar.

Vélbátar 5 smál. og minni, sem eru í eign manna búsettra á Hofsósi greiði kr. 20.00 á ári í hafnargjald.

Vélbátar 5—12 smálestir brúttó greiði kr. 35.00 á ári.

23. gr.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru greiðslu hafnargjalds.

24. gr.

Hafnarnefnd er heimilt að víkja frá þessari gjaldskrá til lækkunar, teljist sérstakar ástæður fyrir hendi, enda hafi hún til þess samþykki hreppsnefndar á hverjum tíma.

25. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

26. gr.

Fyrir vörum sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundar sakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru í land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

27. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.

b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.

c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

28. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum af hverri sendingu sérstaklega, brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og eru skipstjórar eða afgreiðslumaður skipa skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri

eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. 13 12. jan.

29. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldsskrá tiltekur, og gjald greiðast eftir því sem þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

30. gr.

Vörugjaldsskrá.

1. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Kornvörur, sykur.
2. flokkur. Gjald 85 aurar hver 100 kg: Kol, fódurvörur, áburður.
3. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg: Salt.
4. flokkur. Gjald 55 aurar hver 100 kg: Sement.
5. flokkur. Gjald 1.25 kr. hver 100 kg: Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokka og greiðast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Olía og benzín. Hver tunna kr. 3.00.
7. flokkur. Gjald 25 aurar hver tunna: Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur. Gjald 18 aurar hvert teningsfet: Timbur.
9. flokkur. Gjald 40 aurar hvert teningsfet: Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.
10. flokkur. Gjald 5 kr. fyrir stórgripi og kr. 1.50 fyrir sauðkind.
11. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir stykki: Stykkjavara.

2. Útfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 100 kg: Kjöt.
2. flokkur. Gjald 50 aurar hver tunna: Sild.
3. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Mjólk, skyr, hey.
4. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg: Hraðfrystur fiskur og saltfiskur.
5. flokkur. Gjald kr. 1.25 hver 100 kg: Allar vörur, sem reiknast eftir þyngd, ótaldar áður.
6. flokkur. Gjald 50 aurar hvert stykki: Umbúðir og tómtnunnur.
7. flokkur. Gjald 75 aurar hvert stykki: Stykkjavara.

31. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum, unz gjöldin eru greidd.

Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

32. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 30. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunni, unz gjaldið er greitt. Vörugjald af vörum, sem lagðar eru í land á hafnarsvæðinu fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins.

- 13 Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður
12. jan. ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

VIII. KAFLI

Um aflagjald.

33. gr.

Af heildarafla skips greiðist 6 krónur af hverri smálest fiskjar, slægðum með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af sild. Af hverju máli eða tunnu sildar greiðist 35 aurar. Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað og greiðist það af eiganda skips eða umboðsmanni hans.

Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skipsins í hvert sinn. Ef það er ekki gert skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta samkv. þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla þar til gjöldin eru að fullu greidd. Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum, að fengnu leyfi hreppsnefndar.

IX. KAFLI

Um bryggjugjald.

34. gr.

Hvert skip sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er á höfninni, eða að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum brúttósmálestum, en broti skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip 12 smálestir að stærð og þar yfir, sem eru í eign búsettra manna á Hofsósi og skrásett þar, greiði 4 krónur á ári af hverri brúttósmálest. Fari þau skip í millilandasiglingar, greiði þau auk þess bryggjugjald eins og aðkomuskip, meðan á þeim siglingum stendur, reiknað frá þeim degi, er undirbúningur slíkra siglinga hefst.
- b. Öll aðkomuskip greiði 10 auru af hverri brúttó smálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 10 krónur í hvert skipti. Liggi skip utan á öðrum skipum greiði þau hálft gjald. Sama máli gegnir, ef þau liggja við bryggjur, sem eru í eign einstakra manna eða fyrirtækja. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, sem fiskveiðar stunda og gerð eru út frá Hofsósi. Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.
- c. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, sildarsöltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald, eða semja við viðkomandi aðila.

35. gr.

Forgangsrétt að bryggju og bólvirkjum, svo og að flytja vörur að og frá skipum um hafnarsvæðið, ber þeim, sem annast affermingu og fermingu skipa. Er allri annarri starfsemi skylt að víkja fyrir þeim vöruflutningum, sem um bryggju eða hafnarsvæðið þurfa að fara við losun eða lestun flutningaskipa.

36. gr.

Vatnsgjald.

Þeir, sem ekki hafa gert sérsamninga um kaup á vatni frá vatnsleiðslu hafnarinnar, skulu greiða kr. 10 00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 20.00.

X. KAFLI

Um innheimtur og greiðslur hafnargjalda.

13

12. jan.

37. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans eða hafnarnefndar.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaðurinn við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt til hækkunar, er nemur 10% af hinn ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

39. gr.

Seglfestu, sand og mól eða annað efni til byggingar, er bannað að taka á hafnar-
svæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar og landeiganda. Beitutaka er bönnuð á hafnar-
svæðinu nema með leyfi hafnarnefndar, sem ákveður gjaldið fyrir beitutökuna.

40. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans stendur yfir óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda

41. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

42. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Hofsóshrepps.

43. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

44. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupún, nr. 42 7. marz 1939, ásamt síðari breytingum á henni.

- 13 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
12. jan. hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1950.

Jóhann P. Jósefsson.

Páll Pálmason.

- 14 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Krístrúnar Hallgríms-
25. jan. dóttur og annarra látinna félagskvenna kvenfélagsins Dagsbrúnar“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Krístrúnar Hallgrímsdóttur og annarra látinna félagskvenna
kvenfélagsins Dagsbrúnar.

1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið: Minningarsjóður Krístrúnar Hallgrímsdóttur og annarra
látinna félagskvenna kvenfélagsins Dagsbrúnar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1500 — fimmtán hundruð — krónur og skal geymt í inn-
lánsdeild Kaupfélags Héraðsbúa á Reyðarfirði.

3. gr.

Sjóðnum skal varið til styrktar fátækum húsmæðrum í Fellahreppi, t. d. í sjúk-
dómstilfellum, eða til að bæta hag þeirra á annan hátt.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast þar til hann er minnst 5000 — fimm þúsund — krónur.

5. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með útgáfu minningarspjalda og sölu þeirra.

6. gr.

Mönnum skal heimilt að gefa í sjóðinn minningargjafir á nöfn allra látinna
kvenna í Fellahreppi, svo og aðrar gjafir.

7. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps annast stjórn sjóðsins og reikningshald undir yfirum-
sjón sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

Hreppsnefndin kys þrjár konur innan hreppsins til að úthluta úr sjóðnum
hverju sinni samkvæmt 3. gr. að framan.

Fyrir hönd kvenfélagsins Dagsbrúnar.

Pórey Brynjólfsdóttir.

Bjarnheiður Magnúsdóttir.

Birna Ólafsdóttir.